

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014,**  
**Klausturhlað á Kirkjubæjarklaustri.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2002-2014 frá 26. mars 2003.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Iðnaðarsvæði á Klausturvegi 1 breytist í 0,6 ha verslunar- og þjónustusvæði (V-8).
2. Blandað íbúðar- og athafnasvæði á Klausturvegi 3-5 breytist annars vegar í 0,1 ha athafnasvæði (A-5) fyrir fiskverkun og hins vegar í 0,1 ha blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Logi Kjartansson.*